



97. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn á Teams mánudaginn 14. júní 2021 kl. 09:00

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, Bragi Bjarnson, Freyja Rós Haraldsdóttir (fulltrúi kennara), Oddný Benónýsdóttir (fulltrúi nemenda) boðaði forföll, Sigríður K. Viðarsdóttir (fulltrúi foreldra), Bára Magnúsdóttir gjaldkeri mötuneytis ML, Áslaug Harðardóttir, Halldór Páll Halldórsson skólameistari og Jóna Katrín Hilmarsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritaði fundargerð. Eydís Indriðadóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson og Fanney Ólöf Lárusdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Innritun nýnema
2. Gjaldsetningar í mötuneyti. Aðrar gjaldsetningar.
3. Önnur mál

Gunnar setti fundinn.

1. Innritun nýnema

Áslaug fór yfir stöðu umsókna. 38 umsóknir bárust á félags- og hugvísindabraut en 21 á náttúruvísindabraut. Mjög hallar á karlpeninginn, en þeir eru 29% umsækjanda á móti 71% stúlkum. Umsækjendur koma víða að, flestir af Suðurlandi.

Halldór Páll fer yfir röðun inn á brautir en þær teljast fullar þegar 26 nemendur hafa verið skráðir í bekk. Áslaug ræðir að mögulega hafi íþróttakademiur í FSu áhrif á val nemenda á skóla en til stendur að efla möguleika á íþróttastarfi fyrir framhaldsskólanemendur á Laugarvatni. Stefnt er að samstarfi við UMFL og boðið verður upp á körfuboltaæfingar næsta vetur.

7 umsóknir eldri nema bárust. Tveir nemar voru teknir inn (eru að koma aftur í ML eftir hlé), hinum var hafnað.

2. Gjaldsetningar í mötuneyti. Aðrar gjaldsetningar.

Til umfjöllunar eru gjaldsetningar í mötuneyti ML bæði varðandi nemendur skólans og svo gjaldsetning máltíða til grunnskóla og leikskóla Bláskógabyggðar á Laugarvatni.

Bára Magnúsdóttir birtir fundarmönnum yfirlit yfir gjaldsetningu hjá ML og mötuneyti þess í samanburði við aðra skóla. Bára fjármálastjóri og skólameistari leggja til fyrir hönd skólans að 10% hækkun yrði á gjaldsetningu á herbergjaleigu og á gjöldum í mötuneyti. Að frádreginni hækkun vísitölu (40% vægi meðaltals framfærsluvísitölu og neysluverðsvísitölu og 0% vægi launavísitölu) þá yrði þetta raunhækkun um tæp 3%.



Bára fjáramálastjóri og skólameistari leggja til 20% hækkun á gjaldsetningu á máltíðum til Bláskógaskóla.

Halldór Páll leggur til að gjaldsetning þessi verði samþykkt fram til áramóta og að á haustönn verði gjaldskráin tekin fyrir að nýju og ný gjaldskrá samþykkt um áramót. Þessi mál öll voru samþykkt af fundarmönnum.

3. Önnur mál

- a. Gunnar spyrst fyrir um framkvæmdir á skólahúsnæðinu og framgang þeirra. HPH lýsir því að framkvæmdir gangi vel og verkloka er að vænta þann 1. ágúst.
- b. Freyja Rós Haraldsdóttir kynnti fyrir fundarmönnum þá vinnu sem verkefnastjórn ML vann skólaárið 2020-2021. Heilmargt hefur unnist í stjórnarsýslulegum verkefnum á þeim 28 fundum sem verkefnastjórnin sat í vetur.
- c. HPH tilkynnir um að nýr skólaritari/fulltrúi hafi verið ráðinn frá og með 1. ágúst nk. Hildur Hálfðánardóttir, væntanlegur skólaritari, er boðin velkomin til starfa og Þórdísi Pálmadóttur, fráfarandi skólaritara, eru færðar innilegar þakkir fyrir vel unnin störf við skólann.
- d. Gunnar spyr um samning Menntaskólans um afnot af íþróttahúsinu. HPH upplýsir að samningurinn sé ótímabundinn með uppsagnarákvæði og er gjaldfært samkvæmt verðskrá.

Fundargerð verður send í tölvupósti og nefndarmenn hafa sólarhring til að gera athugasemdir ellegar skoðast hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 9:58